

**17. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA**

Sautjándi fundur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn fimmtudaginn 29. nóvember 2012 kl. 08:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

**Viðstaddir:** Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) .

**Frá FMS:** Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Sveinn Rúnar Traustason og Katrín Gylfadóttir.

**Yfirferð umsókna**

Sveinn ætlar að gera athugasemdir við svör Umhverfisráðuneytisins vegna þeirra 48.000.000kr. sem sem Framkvæmdasjóðurinn fékk aldrei.

Hveravallafélagið rætt, önnur hvor umsóknin mun standa, ekki báðar ( bæði Umhverfisstofnun og Hveravallafélagið sóttu um).

Stjórn óskar eftir því að Sveinn geri uppkast að bréfi til Landeigenda Reykjahlíðar ehf.

Guðjón ætlar að hringja í skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar og reyna að fá frekari skýringar á stöðu verkefnis Ferðamálasamtaka Suðurnesja, *Þjónustuhús við Valahnúk Reykjanesi*, en þar hafði vantað deiliskipulag eða fullnægjandi samþykki skipulagsyfirvalda sveitarfélagsins fyrir þessu verkefni.

Sveinn mun senda fyrirspurn til Kristjáns Skarphéðinssonar í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um hver endanleg upphæð er til úthlutunar.

**Annað:**

Næsti fundur verður fimmtudaginn 6. desember 2012

Fundi slitið 10:00

Reykjavík 29. nóvember. 2012/Katrín og Sveinn